



Fundargerð hreppsnefndar 21. maí 2015

Fundur nr. 22 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 21. maí 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Steingrímur R. Árnason Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti Eyjólfur Sigurðsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Almenn mál:

a. Kynning á HAUST. Helga Hreinsdóttir framkvæmdarstjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands kom inn á fundinn og fór yfir starfsemi HAUST á Austurlandi.

b. Kynnt voru drög að starfsleyfi fyrir Búðaröxl ásamt umsögn sem framkvæmdarstjóri HAUST og yfirmaður Þjónustumiðstöð var hafa unnið fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjóra falið að senda fyrirleggjandi athugasemdir við drög að starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

c. Framkvæmdarstjóri HAUST gerði grein fyrir ástæðum þess að gerð er tillaga um eina samþykkt um kattahald á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis, auk þess fór hún yfir helstu atriði samþykktarinnar.

Hrund Snorradóttir lagði fram eftirfarandi breytingartillögu: Felld verði út síðasta setning 5. mgr. 4. gr. Ekki er heimilt að skrá fleiri en tvo ketti á hvert heimili. Tillagan borin upp og felld með 5 atkvæðum þeirra Eyjólfssonar, Stefáns Gríms Rafnssonar Steingríms Árnasonar, Sigríðar Elvu Konráðsdóttur og Bárðar Jónassonar. Hrund Snorradóttir greiddi atkvæði með tillögunni og Magnús Þór Róbertsson sat hjá.

Sveitarstjórn samþykkti drögin óbreytt með 6 atkvæðum þeirra Eyjólfssonar, Stefáns Gríms Rafnssonar, Steingríms Árnasonar, Sigríðar Elvu Konráðsdóttur, Magnúsar Þórs Róbertssonar og Bárðar Jónassonar og vísaði þeim til síðari umræðu. Hrund Snorradóttir sat hjá.

d. Framkvæmdarstjóri HAUST gerði grein fyrir ástæðum þess að gerð er tillaga um eina samþykkt um hundahald á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis, auk þess fór hún yfir helstu atriði samþykktarinnar.

Hrund Snorradóttir lagði fram eftirfarandi breytingartillögu: Felld verði út síðasta setning 5. mgr. 4. gr. Ekki er heimilt að skrá fleiri en tvo hunda á sama heimili. Tillagan borin upp og felld með 5 atkvæðum þeirra Eyjólfssonar, Stefáns Gríms Rafnssonar Steingríms Árnasonar, Sigríðar Elvu Konráðsdóttur og Bárðar Jónassonar. Hrund Snorradóttir greiddi atkvæði með tillögunni og Magnús Þór Róbertsson sat hjá.

Sveitarstjórn samþykkti drögin óbreytt með 6 atkvæðum þeirra Eyjólfssonar, Stefáns Gríms Rafnssonar, Steingríms Árnasonar, Sigríðar Elvu Konráðsdóttur, Magnúsar Þórs Róbertssonar og

Bárðar Jónassonar og vísaði þeim til síðari umræðu. Hrund Snorradóttir sat hjá.

e. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga ásamt Umhverfisstofnun vinnur nú að söfnun upplýsinga um meðhöndlun lífræns úrgangs. Tilgangur verkefnis er að fá yfirsýn yfir mismunandi meðhöndlun á lífrænum úrgangi eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum.

f. Ársskýrsla HAUST fyrir árið 2014, lögð fram til kynningar. Framkvæmdastjóri HAUST fór yfir atriði sem skoða þarf s.s. atriði sem snerta m.a. fráveitumál. Þá fór framkvæmdastjóri yfir málefni Selárlaugar.

g. Kosnir fulltrúa í nefnd um Sundabúð í stað Friðriks Óla Atlasonar. Steingrímur Árnason var kosinn í nefndina. Rætt var um hlutverk nefndarinnar.

h. Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson og Bárður Jónasson voru kosnir aðalmenn. Steingrímur Árnason, Sigríður Elva Konráðsdóttir og Magnús Þór Róbertsson voru kosnir varamenn sem fulltrúar á hluthafafund Arnarvatns ehf sem haldinn verður 26. maí nk. kl. 08:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

i. Tekið fyrir kauptilboð í Hafnarbyggð 1, Vopnafirði frá Rafþjóni ehf að upphæð kr. 2,8 milljónir kr. Tilboðið var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir:

a. Æskulýðs og íþróttarnefndar dags. 25. mars 2015, samþykkt var að fá Vinnueftirlitið til að skoða skíðalyftu í eigu sveitarfélagsins. Fundargerðin samþykkt.

b. Hafnarstjórnar dags. 5. maí 2015, fundargerðin samþykkt

c. Menningarmálanefndar dags. 6. og 12. maí 2015, fundargerðirnar samþykktar

d. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 12. maí 2015. Eftirfarandi bókun var lögð fram: Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps tekur vel í þá hugmynd skipulags- og umhverfisnefndar að marka umhverfisstefnu sveitarfélagsins og koma á föstum umhverfisdegi. Sveitarstjóra falið að vinna frekar að málinu í samstarfi við viðkomandi aðila. Fundargerðin ásamt bókun samþykkt samhljóða.

e. Stjórnar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 16. apríl 2015, lögð fram til kynningar

f. Aðalfundar Brunavarna á Austurlandi dags. 29. apríl 2015, lögð fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin síðan lesin upp og samhljóða samþykkt. Fundi slitið kl. 18:40.